

L Ö G

39

14. apríl

um breyting á lögum um Framkvæmdabanka Íslands, nr. 17 10. febr. 1953.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað orðanna „80 milljónir“ í 2. málsg. 9. gr. laganna komi: 225 milljónir.

2. gr.

Ef Framkvæmdabankinn annast lántöku til að koma á fót sementsverksmiðju samkv. lögum þessum, fellur niður lántökuheimild ríkisstjórnarinnar samkv. 2. gr. laga nr. 35/1948, sbr. lög nr. 57/1950, um sementsverksmiðju.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

40

14. apríl

um aukategjur ríkissjóðs.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Dómsmálagjöld í einkamálum.

1. gr.

Dómsmálagjöld skal greiða sem hér segir:

A. Fyrir héraðsdómi:

1. Stefna (áritun eða útgáfa)	kr. 10.00
2. Fyrirtekt máls (þingfesting, frestir og dómtaka)	— 100.00
3. Úrskurður undir rekstri máls	— 25.00
4. Vitni leitt	— 15.00